

Ed.

393. Frumvarp til laga

[229. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Flm.: Alexander Stefánsson.

1. gr.

1. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda og ófullgerðum verkefnum við lagningu þjóðvegarins á staðnum. Skal árlegt framlag vera 20 af hundraði af heildartekjum vegamála það ár skv. XIV. kafla laga þessara. Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.

2. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum skv. 32. gr., skal árlega halda eftir 20 af hundraði, og skal því fé ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum og til að hraða framkvæmdum við lagningu þjóðvegar, þar sem almenn umferð gegnum viðkomandi kauptún eða kaupstað er sérstaklega mikil og um leið mikilvæg.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kröfur um varanlega gatnagerð í þéttbýli eru settar fram á þeirri meginröksemd, að ein höfuðforsenda byggðar þéttbýlisstaða úti um landið sé varanleg gatnagerð og hreinlegt umhverfi, enda eðlilegt, að fólk í landinu búi við sem jafnasta aðstöðu hvað þetta varðar. Þrífalegt umhverfi er ein af forsendum þess, að fólk vilji búa á viðkomandi stað.

V. kafli vegalaga, um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, er augljóslega settur í lög til að auðvelda sveitarfélögum að ná þessu marki. En miðað við, hve víða er mikið óleyst af þessu verkefni og fjárhagsleg geta sveitarfélaga takmörkuð, er það fjármagn, sem veitt er skv. 32. gr. laganna, 12½ af hundraði af heildartekjum vegamála, of lítið. Því er lagt til í frumvarpi þessu, að það verði aukið í 20 af hundraði.

Á s. l. ári nam þéttbýlisvegaféð 156 651 400 kr., var kr. 785.90 á íbúa.

Gagnrýnt hefur verið meðal sveitarstjórnarmanna, að skipting þessa fjár sé eingöngu miðuð við íbúafjölda. Er hér þörf á breytingu í þá átt, að tekið sé tillit

til ófullgerðra verkefna við lagningu þjóðvegarins á viðkomandi stað. Virðist þetta sanngjörn breyting, þar sem í mörgum kaupstöðum er varanleg gatnagerð að þessu leyti langt komin, en víða úti um land algjörlega á frumstigi.

Þá er lagt til í frumvarpi þessu, að kaupsún með 200 íbúa í stað 300 íbúa áður komi inn í skiptingu fjárens. Auðveldar það myndun nýrra þéttbýliskjarna.

Lagt er til í frumvarpi þessu, að 34. gr. vegalaga breyttist þannig, að árlega verði haldið eftir 20 af hundraði af heildarframlagi til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kaupsúnum í stað 10 af hundraði áður.

Þetta fjármagn nam í árslok 1973 -- frá 1964--1973 -- 66 345 500 kr., sem hafði verið ráðstafað þannig:

Kópavogur	51 335 000 kr.
Selfoss	12 364 600 —
Hveragerði	765 300 —
Dalvík	1 879 800 —

Nú hefur ríkið yfirtekið lán Kópavogskaupstaðar.

Eins og sjá má af framanskráðu, hafa sárafáir staðir í landinu notið lána eða styrkja af þessu geymslufé. Með auknu fjármagni og þegar dýr framkvæmd eins og Kópavogsgjá er ekki lengur með, má vænta þess, að þetta fjármagn verði í auknum mæli til að hraða framkvæmdum sveitarfélaga.

Sérstök ástæða er að undirstrika nauðsyn þess, að m. a. með þessu fjármagni verði hraðað lagningu þjóðvega í gegnum kaupstaði og kaupsún, er hafa mikinn umferðabunga gegnum miðja byggðina, bæði hvað varðar atvinnulíf viðkomandi staðar og almenna umferð um þjóðveginn.

Enn fremur verður að telja eðlilegt, að vegamálastjóri hafi sauráð við viðkomandi sveitarstjórnir um skiptingu fjárens.

Fylgiskjal.

Framlög til vega í kaupstöðum og kaupsúnum, samkv. V. kafla vegalaga. (Upphæðir í þús. kr.)

Ár	1964—1969	1970	1971	1972	1973	Samtals
Framlag á íbúa	kr. 1 434.46	kr. 315.75	kr. 432.61	kr. 546.99	kr. 785.90	kr. 3 515.71
Framlög eftir íbúatölu:						
Reykjavík	113 399.3	25 726.1	35 337.5	45 341.5	65 918.4	285 722.8
Kópavogur	13 920.7	3 470.4	4 830.1	6 136.2	9 009.8	37 367.2
Hafnarfjörður	12 256.7	3 001.6	4 194.2	5 523.0	8 403.4	33 388.9
Keflavík	7 589.8	1 747.0	2 449.9	3 156.2	4 601.4	19 544.3
Akranes	5 982.6	1 340.4	1 839.9	2 235.3	3 419.3	14 907.5
Ísafjörður	3 875.2	845.6	1 159.4	1 663.9	2 402.7	9 946.8
Sauðárkrúkur	2 003.0	475.8	692.2	902.0	1 310.1	5 383.1
Siglufjörður	3 470.9	709.8	934.9	1 144.3	1 609.1	7 869.0
Ólafsfjörður	1 506.8	344.8	469.8	592.4	852.5	3 766.3
Akureyri	14 211.2	3 336.5	4 652.7	5 978.6	8 777.5	36 956.5
Húsavík	2 670.1	627.7	862.2	1 091.2	1 611.5	6 862.7
Seyðisfjörður	1 264.9	285.7	382.4	468.8	711.2	3 113.0
Neskaupstaður	2 169.7	482.2	671.4	876.3	1 270.1	5 469.7
Vestmannaeyjar	7 150.6	1 602.1	2 243.5	2 861.3	4 162.6	18 020.1
Grindavík	1 364.6	352.4	505.7	681.5	1 062.1	3 966.3
Sandgerði	1 241.5	289.5	398.9	514.7	759.1	3 203.7
Gerðar	185.5	195.4	138.9	352.3	533.8	1 405.9
Njarðvíkur	2 138.2	478.7	654.1	844.0	1 290.5	5 405.5

Ár	1964—1969	1970	1971	1972	1973	Samtals
Garðakauptún	2 783.7	850.9	1 240.7	1 711.5	2 647.9	9 234.7
Seltjarnarnes	2 656.8	648.2	931.4	1 230.2	1 878.5	7 345.1
Varmár- og Álafosshv.	98.7	103.9	156.6	204.0	616.6	1 179.8
Borgarnes	1 478.1	355.9	500.5	664.0	975.7	3 974.2
Hellissandur	731.3	168.3	218.9	275.1	403.5	1 797.1
Ólafsvík	1 330.2	316.4	430.4	548.6	829.7	3 455.3
Grundarfjörður	760.3	185.7	259.1	324.9	472.5	2 002.5
Stykkishólmur	1 442.8	330.9	458.0	568.9	820.3	3 613.7
Patreksfjörður	1 454.1	311.0	430.9	541.5	771.6	3 509.1
Bíldudalur	497.8	102.9	134.5	0.0	421.9	1 157.1
Þingeyri	529.3	120.0	170.9	207.3	288.8	1 316.3
Flateyri	745.0	152.2	196.8	238.5	339.1	1 671.6
Suðureyri	633.0	140.5	198.5	263.1	377.6	1 612.7
Bolungarvík	1 349.7	305.6	423.1	528.9	785.8	3 393.1
Hnífsdalur	458.3	106.7	140.6	0.0	0.0	705.6
Hólmanvík	544.6	111.1	143.2	169.6	259.1	1 227.6
Hvammstangi	466.5	110.2	156.2	200.2	292.8	1 225.9
Blönduós	956.9	220.7	298.5	386.2	571.5	2 433.8
Skagaströnd	807.1	166.4	230.1	304.7	426.2	1 934.5
Hofsós	339.2			0.0	0.0	339.2
Dalvík	1 421.9	334.1	456.4	594.6	858.0	3 665.0
Hrísey	282.3	95.4	125.9	0.0	0.0	503.6
Raufarhöfn	675.2	142.4	192.9	241.8	339.1	1 591.4
Þórshöfn	631.6	135.1	175.2	225.4	339.1	1 506.4
Vopnafjörður	681.2	167.3	222.4	284.4	416.0	1 771.3
Egilsstaðir	746.4	206.2	310.6	403.7	624.9	2 291.8
Eskifjörður	1 259.9	296.5	404.9	511.4	724.5	1 397.2
Reyðarfjörður	775.2	183.8	230.2	319.4	463.1	1 971.7
Fáskrúðsfjörður	994.0	226.7	311.5	395.5	570.7	2 498.4
Djúpivogur	459.3	99.2	138.9	171.8	271.6	1 140.8
Höfn í Hornafirði	1 096.0	272.2	389.8	526.8	795.2	3 080.0
Vík í Mýrdal	518.1	117.5	164.0	206.8	294.4	1 300.8
Hella, Rangárvöllum	101.1	116.5	158.8	211.7	301.8	889.9
Stokkseyri	566.5	126.9	169.6	217.2	329.7	1 409.9
Eyrbakki	689.6	160.1	221.1	298.9	423.1	1 789.8
Selfoss	3 123.2	755.6	1 037.0	1 336.9	1 967.1	8 219.8
Hveragerði	1 094.1	255.8	349.1	463.9	696.3	2 859.2
Þorlákshöfn	615.9	153.8	226.3	304.1	446.6	1 746.7
Hvolsvöllur					240.9	240.9
Samtals	232 196.2	53 974.3	74 414.0	95 532.0	140 986.3	597 102.8
Aukaframlög skv. 34. gr. vegal.						
Kópavogur	17 735.0	4 700.0	6 900.0	8 600.0	13 400.0	51 335.0
Selfoss	7 664.6	1 100.0	1 200.0	1 200.0	1 200.0	12 364.6
Hveragerði	400.0	197.1	168.2	0.0	0.0	765.3
Dalvík				814.7	1 065.1	1 879.8
Samtals	256 995.8	59 971.4	82 682.2	106 146.7	156 651.4	663 447.5